

arþoli tekur fram, að í bílnum sé BIMINE talstöð, Blaupunkt útvarp og 4 ný Bridgeston dekk.

Fyrir gerðarþola mætir Júlíus Guðjónsson forstjóri, sem starfar hér. Áminntur um sansögli kveðst hann ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda ákvað fógeti vörzlu-sviptingu á bifreiðinni R 5245 (Bronco, árgerð 1966), og var bifreiðin tekin úr vörzlu mætta, sem er eigandi hinnar fjárumdu bifreiðar, sbr. dskj. nr. 2.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 22. marz 1972.

Nr. 11/1971. **Gylfi Gunnarsson**
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.)
gegn
Stefáni G. Ásmundssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kaupgjaldsmál. Ráðningarslit. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi krafizt þess, að til frádráttar kröfum stefnda komi kr. 4.742.00, er sé úttekt stefnda hjá Sigfúsi Johnsen í Vestmannaeyjum, og kr. 4.875.00, er sé andvirði víxils, er hann hafi orðið að leysa inn fyrir stefnda.

Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi í héraði reist kröfur á þessum grundvelli, og koma þær því eigi til álita hér fyrir dómi.

Ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% á ári.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gylfi Gunnarsson, greiði stefnda, Stefáni G. Ásmundssyni, kr. 54.544.50 með 7% ársvöxtum frá 27. marz 1968 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 16. janúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, er af stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni, Naustahvammi 12, Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar á hendur Gylfa Gunnarssyni, Strandgötu 62, Neskaupstað, með stefnu, útgefinni 27. marz 1968, til greiðslu launa og kauptryggingar, ferðakostnaðar og orlofs kr. 93.007.80 auk 1% vanskilavaxta á mánuði og hluta úr mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi og alls kostnaðar við fullnustu dóms.

Krafizt er sjóveðs í v/b Glað, VE 270, til tryggingar dæmdum kröfum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

I.

Eftir gagnaöflun og munnlegan flutning málsins, sem fram fór hinn 10. janúar 1969, var í málinu kveðinn upp dómur, og eru dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndi, Gylfi Gunnarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns G. Ásmundssonar, um bætur vegna uppsagnar á skipstjórn 9. marz 1968.

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, greiði stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni, kr. 28.292.00 auk 8% ársvaxta frá 9. marz 1968 til greiðsludags.

Stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar kröfu sinni.

Málskostnaður falli niður“.

Dóminn kvað upp Sigurður Egilsson, þáverandi bæjarfógeti í Neskaupstað, ásamt meðdómsmönnum Sveinbirni Á. Sveinssyni og Guðjóni Marteinssyni skipstjórum.

Stefnandi málsins áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi.

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 30. apríl 1970, segir m. a. svo: „... Í héraðsdómi eru málsatvik lítt rakin og eigi getið þar nema að nokkru málsástæðna aðilja. Í dómnum koma eigi skýrt fram þeir liðir í viðskiptum aðilja, sem um er deilt, og úrslit, að því er varðar einstaka kröfuliði, eru lítið rökstudd. Er gerð héraðsdómsins því andstæð ákvæðum 193. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður“.

Málið var síðan að nýju tekið fyrir í sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar 29. maí 1970, og var munnlega flutt hinn 17. júlí 1970.

Formaður dómsins, Sigurður Egilsson, þáverandi bæjarfógeti á Neskaupstað, fékk lausn frá störfum sem bæjarfógeti, án þess að dómur væri uppkveðinn, í desember s.l.

Málið var svo að nýju tekið til munnlegs flutnings 14. þ. m. og dómtekið þá.

Málið var svo að nýju endurupptekið í dag til framlagningar á rskj. 43, en umboðsmaður stefnda óskaði eftir því við munnlegan flutning málsins 14. þ. m., að hann fengi að leggja skjalið fram. Skjalið varð þá eigi fram lagt.

Umboðsmaður stefnanda samþykkti að skjalið yrði fram lagt. Var skjalið fram lagt. Umboðsmaður stefnanda mótmælti eigi skjalinu.

Málið var svo að nýju tekið til munnlegs flutnings í dag og dómtekið.

II.

Stefnandi telur málsatvik vera þau, að hann hafi verið skipstjóri á m/b Glað, VE 270, sem stefndi er eigandi og útgerðarmaður að, en þann 9. marz 1968 hafi sér verið sagt upp starfi fyrirvaralaust og hafi sér ekki tekizt að fá innstæðu sína greidda og sé hann því neyddur til að höfða mál þetta.

Verður nú frekar fjallað um málsatvik og þau rakin samkvæmt gögnum málsins.

Stefnandi hættir störfum sem skipstjóri á bátnum hinn 9. marz 1968, eftir að hann hafði sama dag fengið símskeyti frá stefnda, svohljóðandi:

„SEGI ÞER UPP STARFI SEM SKIPSTJORI A MB GLAÐ NU ÞEGAR = GYLFI GUNNARSSON — UNDIRSKRIFT STAÐFESTIR AXEL S OSKARSSON SIMRITARI ——— OOL VE 270“.

Upplýst er, að stefnandi hafði með símskeyti til stefnda, dags. 17. janúar 1968, sagt upp starfi sínu sem skipstjóri á m/b Glað, VE 270, frá og með 20. apríl 1968.

Ástæðuna fyrir uppsögninni 9. marz 1968 telur stefndi vera, eins og segir í greinargerð hans „... að skipstjóri hafi með óhlýðni, kæruleysi, ódugnaði og drykkjuskap margsinnis verðskuldað, að honum væri vikið frá starfi fyrirvara- og bóta-laust ...“.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og lýst því yfir, að hann telji uppsögnina hafa verið ástæðulausa, og verður vikið að framburði hans nánar síðar.

Stefndi hefur eigi komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, en í greinargerð hans segir m. a., að stefnandi hafi neitað að fara á

línuveiðar frá Hornafirði í byrjun vertíðar, en þar hafi stefndi fengið aðstöðu til slíkrar útgerðar með mjög góðum kjörum. Hafi stefnandi viljað fara á botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum og ekki aðrar veiðar. Stefndi hafi ekki séð sér annað fært en að láta stefnanda ráða þessu.

Stefndi telur, að með þessu hafi stefnandi valdið sér stórfelldu tjóni, þar sem hann hafi nær ekkert fiskað í trollið á sama tíma og afli Hornafjarðarbáta á línu var góður.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi neitað að nota veiðarfæri, hlera, sem fylgt höfðu bátnum og voru í lagi og höfðu verið notaðir af fyrri eiganda með sæmilegum árangri. Stefndi hafi svo útvegað nýja hlera, sem svo hafi reynzt ónothæfir, er til kom. Stefndi hafi svo haldið til Vestmannaeyja og hafi látið breyta hlerunum án samráðs við stefnda. Stefndi hafi, er hann frétti þetta, fundið að þessu og hafi talið, að nota ætti gömlu hlerana, sem hafi verið um borð. Stefndi hafi brugðist hinn versti við og hafi sagt upp stöðu sinni frá 20. apríl 1968, sbr. það, sem fyrr er greint.

Stefndi hefur og haldið því fram, að stefnandi hafi rekið vélstjóra í land sökum drykkjuskapar á móti ráðum stefnda og hafi stefndi sjálfur þurft að fara í stað vélstjóra, svo báturinn kæmist á veiðar.

Þá heldur stefndi því fram, að fljótlega hafi komið í ljós, að vél var ekki í lagi. Hafi verið haldið til Vestmannaeyja. Vélin yfirfarin þar og hafi það tekið nokkra daga. Stefndi hafi þá verið áberandi ölvaður og hafi lítið látið sjá sig um borð og hafi ekki sinnt störfum. Loks þegar báturinn hafi verið tilbúinn til veiða, hafi stefnandi reynzt svo ölvaður, að skipshöfn hafi öll neitað sem einn maður að fara út með honum í því ástandi, sem hann hafi þá verið í, og hafi báturinn því orðið af róðri.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi kveðið dýptarmæli bilaðan og hafi því haldið til hafnar. Er bátnum hafi verið lagt, hafi stefnandi farið á fylliri og hafi hvatt skipverja til að gera hið sama. Við athugun hafi komið í ljós, að ekkert hafi verið að dýptarmæli eða bátnum.

Hafi ekki verið farið til veiða í þrjá daga, þó hafi veður verið gott og Eyjabátar almennt á sjó.

Stefnda hafi borizt fréttir af slarki stefnanda. Hafi hann rætt við hann og heimtað, að farið yrði á veiðar, en stefnandi, sem stefndi heldur fram, að hafi verið heyrnlega nokkuð ölvaður,

hafi svarað því til, að skipshöfn væri svo drukkin, að ekki væri hægt að fara út.

Síðari hluta sama dags hafi svo stefnandi átt tal við tvo af skipverjum og hafi þeir sagzt vera reiðubúnir að fara þá þegar á veiðar, en þeir hafi ekki verið kallaðir til skips. Stefndi hafi því næst útvegað annan skipstjóra og hafi jafnframt sagt stefnanda upp starfi.

Hinn nýi skipstjóri hafi svo farið til veiða um kvöldið og hafi það sýnt sig, að ekkert hafi verið til fyrirstöðu af hálfu skipverja að fara út.

Stefnandi hefur í dóminum 19. apríl 1968 sagt m. a.: „... þessi bið, sem við urðum fyrir í Vestmannaeyjum, áður en báturinn átti að fara austur, stafaði af bilun á dýptarmæli og að ráða varð einn háseta á bátinn. Ég réð mann á bátinn rétt fyrir hádegi þann dag, sem mér var sagt upp, en síðar sama dag fékk ég skeyti frá Gylfa Gunnarssyni þess efnis, að mér sé sagt upp starfi nú þegar. Eftir það hreyfði ég ekki bátinn og sá, sem ég var búinn að ráða, fór út frá Vestmannaeyjum, og flaug ég frá Vestmannaeyjum til R.víkur, og varð ég svo að bíða í R.vík eftir flugferð til Neskaupstaðar, sem varð 20. marz s.l. ...“.

Þá segir í sama réttarhaldi m. a.: „... Að gefnu tilefni frá umb. m. stefnds skýrir stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, frá því, að sá maður, sem tók við skipinu af stefnanda í Vestmannaeyjahöfn, hafi komið með einn mann með sér á bátinn ...“.

Stefndi hefur lagt fram hinn 19. apríl 1968 á rskj. 16 svoljóðandi:

„Yfirlýsing.

Hinn 7.—9. marz s.l. lá vélbáturinn Glaður, VE-270, í Vestmannaeyjahöfn í góðu veðri, og voru bátar þar þá almennt á sjó.

Við undirritaðir skipverjar á bátnum vorum ekki kvaddir til starfa né til skips þessa daga. Enda hafði skipstjóri þau orð, er bátnum hafði verið lagt á fimmtudaginn, að nú væri ekki annað að gera en fara í land og fá sér í staupinu, hvað hann og gerði. Að kvöldi hins 9. marz vorum við svo kallaðir til skips af Guðjóni Aanes, sem þá hafði tekið við stjórn bátsins. Förum við þá um borð, og síðan hélt báturinn af stað um kvöldið áleiðis til Neskaupstaðar. Við getum einnig vottað það, að fáum dögum eftir að Glaður kom til Vestmannaeyja í þetta skipti að austan, var skipstjóri svo drukinn, er fara átti í róður, að skipshöfnin neitaði að fara út með honum. Var eigandi bátsins með okkur í því. Varð báturinn af róðri í það sinn vegna ölvunar skipstjórans.

Við neitum algjörlega að hafa átt nokkra sök á því, að báturinn gat ekki stundað sjó með eðlilegum hætti.

Stýrimaður

Rafn Einarsson.

Vélstjóri

Bjarni Anton Jónsson.

Matsveinn
Hákon Björnsson“.

Þessu skjali mótmælti stefnandi sem ódagsettu, óstaðfestu, röngu og býðingarlausu.

Þeir, sem undirrituðu skjalið, hafa allir komið fyrir dóm, og þykir rétt að rekja nokkuð framburðina, sem allir eru staðfestir með eiði.

Hinn 10. júní 1968 kom fyrir dóminn Hákon Björnsson.

Aðspurt sagði vitnið, að allt, sem í skjalinu stendur, sé satt og rétt. Yfirlýsingin sé undirrituð, eftir að m/b Glaður, VE 270, kom til Neskaupstaðar á vetrarvertíð síðastliðinni.

Þá segir orðrétt: „... Varðandi setninguna: „Varð báturinn af róðri í þetta skipti vegna ölvunar skipstjórans“ tekur vitnið fram, að í það skipti hafi veðurspáin verið slæm og það hafi einnig verið orsök þess, að ekki var farið í róður á bátnum ...“.

Síðar í framburðinum segir svo: „... Aðspurt tekur vitnið fram, að stýrimaður bátsins, Rafn Einarsson, hafi verið undir áfengisáhrifum hinn 9. marz s.l. ...“.

Þá segir og í framburðinum: „... Gylfi Gunnarsson bað vitnið að gefa umrædda yfirlýsingu um borð í m.b. Glað ...“.

Svo segir og: „... Ég var ekki við vín hinn 9. marz s.l., en ég var við vín kvöldið áður ...“.

Þá segir að lokum: „... Sá vitnið vín á skipstjóranum hinn 9. marz síðastliðinn? Svar: Ad. nr. 1: Vitnið svarar: „Ég sá ekki vín á skipstjóranum“...“.

Rafn Einarsson stýrimaður kom fyrir dóminn 14. júní 1968. Vitnið mundi ekki eftir, hvaða dag eða í hvaða mánuði það undirritaði skjalið, en staðfestir efni skjalsins satt og rétt í öllum atriðum.

Bjarni Anton Jónsson kom fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja 15. apríl 1970.

Segir svo m. a. í framburði vitnisins:

„... Mættur kveðst hafa undirritað yfirlýsingu eins og yfirlýsinguna á dskj. nr. 16 og kveðst hafa gert það í athugunarleysi.

Aðspurður af lögmanni stefnda, hvað mættur eigi við með at-

hugunarleysi, kveðst mættur ekki hafa kynnt sér, hvað var að ske.

Aðspurður af sama, hvort mættur hafi verið í einhverju annarlegu ástandi, er hann ritaði undir yfirlýsinguna, kveðst mættur hafa verið „þunnur“, hann hafi hlustað með öðru eyranu á yfirlýsinguna lesna yfir sér, og kvaðst mættur ekki hafa vitað, að skjalið yrði notað í dómsmáli . . .“.

Þá kemur fram í framburði vitnisins, að það hafi ekki heyrt stefnanda viðhafa þau orð, „að væri ekki annað að gera en fara í land og fá sér í staupinu“. Þá segir og í framburðinum, að mætti hafi ekki vitað til þess, að stefnandi hafi farið á „fyllerí“ þessa daga, og ekki hafi mætti orðið var við stefnanda drukkinn dagan 7.—9. marz.

Þá upplýsti vitnið, að það sjálft hefði bragðað vín að kvöldi hins 9. marz, en annars hefði það ekki bragðað vín þessa daga.

Þá kveðst vitnið ekki vita til þess, að skipið hafi orðið af róðri vegna ölvunar stefnanda.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að skipverjar hafi átt sök á því, að ekki var róið dagana 7.—9. marz. Hafi í þessu „stoppi“ annað hvort dýptarmælir eða radar verið bilaður, en ekki vissi það, hvort viðgerðarmenn komu um borð í bátinn þessa daga.

Vitnið upplýsti, að 8. marz hafi Rafn Einarsson stýrimaður verið mjög ölvaður og hafi skipstjóri tjáð vitninu, að útilokað væri að fara á sjó með stýrimann vegna ölvunar, og um morguninn 9. marz hafi stýrimaður sagt við vitnið, að hann færi ekki á sjó, nema hann fengi vín og hafi hann haft með sér flösku um borð þá um kvöldið, og vitnið kvaðst vita það, að stýrimaður neitaði að fara á sjó hinn 9. marz, nema hann fengi flösku. Hafi stýrimaður beðið stefnanda um vín, en hafi fengið synjun.

Vitnið upplýsti, að stefndi hefði beðið það að undirrita yfirlýsinguna ekki löngu eftir 9. marz og hafi vitnið verið enn á bátnum og hafi báturinn verið á Norðfirði.

Stefnandi hefur lagt fram dagbókarútdrátt m/b Glaðs, VE 270, svo og vottorð Veðurstofunnar um veður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 og 1700 nokkra daga í febrúar og marz 1968.

Frumrit dagbókar hefur ekki verið sýnt í dóminum, en ekki hefur útdrættinum verið mótmælt sérstaklega.

Í útdrættinum kemur fram, að legið er í Vestmannaeyjum dagana 25. febrúar til og með 1. marz.

Í vottorði Veðurstofunnar kemur fram, að þessa daga er sjór

ýmist allmikill, mikill, stórsjór og talsverður sjór.

Þá segir í dagbókarútdrættinum:

„... 7. marz. Verið við veiðar til kl. 0830. Dýptarmælir ekki í góðu lagi. Haldið til Vestmannaeyja, komið þangað kl. 1145. Baldvin Baldvinsson hættir eftir þennan túr. Beðið eftir viðgerð á dýptarmæli.

8. marz. Beðið eftir háseta og viðgerð á dýptarmæli.

9. marz. Reynt að fara út, en stýrimaður tæplega fær um það og illfáanlegur til þess. Ræð Guðjón Aanes eftir hádeggið til að fara út með mér, en fæ skeyti frá Gylfa Gunnarssyni um, að mér sé sagt upp nú þegar. Hreyfi ekkert bátinn eftir það, en hann fer út um kvöldið með Guðjón Aanes sem skipstjóra...“.

Fyrr í dagbókarútdrættinum sést, að dagana 3.—5. febrúar er legið í Vestmannaeyjum vegna viðgerðar á vél.

Hinn 11. febrúar sést, að trollið, hlerar og bóman eru sett í land og trollið og bóman tekin um borð 12. febrúar, og fer þá stefndi í land.

Stefnandi fór svo til Reykjavíkur 13. marz og til Neskaupstaðar 20. marz, sbr. rskj. 20, reikningsnótu frá Flugsýn h/f.

III.

Verður nú fjallað um lögmæti uppsagnarinnar 9. marz 1968.

Stefndi heldur því fram, svo sem að framan hefur verið greint í II hér að framan, að stefnandi hafi valdið honum stórfelldu tjóni með því að vilja ekki stunda línuveiðar frá Hornafirði og stunda í þess stað botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum.

Viðurkennt er af stefnda, að hann hafi samþykkt, að skipið færi á botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum. Verður því eigi fallið á, að hér sé um uppsagnarástæðu að ræða.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi neitað að nota hlera, sem fylgt höfðu bátnum. Hafi stefnandi útvegað nýja hlera, sem hafi svo reynzt ónothæfir. Hafi stefnandi því næst haldið til Vestmannaeyja og látið breyta þeim. Stefndi hafi fundið að þessu við hann, en stefnandi hafi brugðizt hinn versti við og hafi sagt upp stöðu sinni.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að þessar staðhæfingar hafi við rök að styðjast og enda í starfssviði skipstjóra að meta gildi veiðarfæra. Eigi verður því hér talið, að um uppsagnarástæðu hafi verið að ræða. Þá hefur stefndi talið enn eina ástæðu uppsagnar, að stefnandi hafi rekið vélstjóra á móti ráðum stefnda og hafi stefndi þurft að koma í stað hins burtrekna vélstjóra. Sam-

kvæmt útdrætti úr dagbók á rskj. 17 var vélstjóri látinn fara 30. janúar 1968 sökum drykkjuskapar.

Ekki hefur stefndi sýnt fram á, að þessi ráðstöfun stefnanda hafi verið ástæðulaus.

Eigi verður því þetta atriði talið grundvöllur uppsagnar.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi verið óhæfur í starfi sökum drykkjuskapar. Hefur stefndi lagt fram yfirlýsingu þriggja skipverja um drykkjuskap stefnanda, svo sem greint er hér að framan undir II.

Framburðir vitnanna þriggja hafa verið ítarlega raktir, og þykir dóminum ekki fram komnar sannanir fyrir drykkjuskapar-óreglu stefnanda.

Verður því talið með vísun til framanritaðs, að hin fyrirvara- lausa uppsögn 9. marz 1968 hafi ekki við lög að styðjast.

IV.

Dómkröfur aðilja eru sem hér segir:

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93.007.80 sem aðalkröfu, kr. 15.200.00 í málskostnað og að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir þessum kröfum í m/b Glað, VE 270, svo og fyrir vaxtakröfu, 1% af dæmdri fjárhæð á mánuði eða hluta úr mánuði frá stefnudegi til greiðsludags, að stefnda verði gert að greiða stefnanda viðbótarmálskostnað samkvæmt mati dómsins, þar eð málskostnaðarreikningur stefnanda hafi verið miðaður við venjulegan málflutning, en málflutningur í þessu máli hafi orðið óvenjulega langur og kostnaðarsamur og vísar í 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerði stefnandi grein fyrir því, að aðalkrafa hans með leiðréttingum væri að fjárhæð kr. 62.970.50 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Eftirstöðvar frá árinu 1967	kr. 12.175.71
Aflahlutur, vanreiknaður	— 11.598.15
7% orlof af kr. 11.598.15	— 811.87
Vantalið orlof af mánaðarkaupi	— 105.70
Vantalið orlof af kauptryggingu í 1 mánuð	— 559.81

Kr. 25.251.24

Fastakaup (trygging) með orlofi 13. janúar—20. marz 1968	kr. 42.031.80
Trygging ásamt fastakaupi og orlofi 20. marz—20. apríl 1968	— 18.681.00
Vinna við bát og veiðarfæri	— 2.000.00
Fargjald frá uppsagnarstað til heimahafnar	— 2.075.00
Fæði 9. marz—20. marz 1968 (komudagur í heima-höfn, Neskaupstað, var hinn 20. marz 1968) . . .	— 1.244.32

Kr. 91.283.36

Frá þessu dregur stefnandi:

Fæði í 56 daga á 113.12	kr. 6.351.06
Greiðslur sem hér segir:	
14. janúar 1968	— 5.000.00
26. janúar 1968	— 2.000.00
8. janúar 1968	— 10.000.00
3. febrúar 1968	— 1.000.00
12. febrúar 1968	— 1.000.00
17. febrúar 1968	— 3.000.00
14. janúar 1968	— 6.200.00
5. marz 1968	— 1.000.00
5. marz 1968	— 1.046.00

Kr. 36.597.06

Frá þessum lið dregur stefnandi svo út-

tekt skipverja, sbr. framlagðar nótur — 8.284.20

kr. 28.312.86

Kr. 62.970.50

Þá viðurkenndi stefnandi greiðslu á

þinggjaldi kr. 6.690.00

og reikning frá Hafnarbúðum — 536.00

— 7.226.00

Kr. 55.744.50

Stefnukrafan með endanlegri leiðréttingu er því framangreind fjárhæð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á, að uppsögnin hafi verið lögleg, og leggur til grundvallar kröfu sinni viðskiptareikning á rskj. 22.

Viðskiptareikningurinn er sem hér segir:

„Reikningur		
Til hr. Stefáns G. Ásmundssonar		
Frá Gylfa Gunnarssyni (Glaður VE-270)		
1968: Aflaverðmæti 13. 1.—9. 3. kr. 88.172.70		
	Úttekið	Innlagt
1.1. Pr. Innstæða		12.175.71
18.1. — Vinna við útbúnað báts		2.000.00
14.1. An. Ávísun nr. 23956 Sp. Nfj.	5.000.00	
26.1. — Ávísun nr. 23977 Sp. Nfj.	2.000.00	
14.1. — Peningar 1—30	6.200.00	
8.1. — Símsent til VE reikn 2963, kostn	10.085.00	
3.2. — Ávís. nr. 23992 Sp. Nfj.	1.000.00	
5.2. — Peningar gr. af G. G.	1.200.00	
12.2. — Ávís. nr. 430256 Útv.b. Ve.	1.000.00	
17.2. — Ávís. nr. 430275 Útv.b. Ve.	3.000.00	
5.3. — Pen. hl. úr ávís. nr. 430283	1.000.00	
5.3. — Gr. nóta 43 A. Halld.	1.046.00	
5.3. — Gr. skuld yðar við Reykdal	2.287.00	
15.3. — Gr. reikn. Hafnarbúðir 7.—9/3.	536.00	
15.3. — Útt. í Ve., uppgengið í síma	1.800.00	
— Fæðisk. í 56 daga, 113/12	6.351.06	
15.3. Pr. Kauptr., orlof 13/1.—9/3		34.225.96
15.3. — Fastakaup með orlofi 13.1—9.3.		1.268.59
15.3. An. Til bæjarsjóðs, haldið e. ek.	3.750.00	
15.3. — Haldið eftir þinggj. e.k.	6.690.00	
15.3. Pr. Fargjald heim e. reikn.		2.075.00
15.3. — Uppihald í 2 daga, ca.		1.200.00
	Kr. 52.945.06	52.945.06

S.E. & O.

Nesk. 15.5.

Eyþór Þórðarson“.

V.

Verða nú dómkröfur stefnanda teknar fyrir lið fyrir lið og jafnframt höfð hliðsjón af fyrrnefndum viðskiptareikningi stefnda og öðrum gögnum málsins.

Stefndi hefur tekið fram, að eigi sé ágreiningur um útreikning kaups, heldur um dagafjölda:

Eftirstöðvar frá 1967 kr. 12.175.71

Þessi liður er viðurkenndur og því tekinn til greina.

Vanreiknaðar eftirstöðvar frá 1967, sbr. rskj. 11. — 11.598.15

Í fylgiskjali á rskj. 11 er greind fjárhæðin kr. 46.392.72 sem 10 hluti af aflaprósentu, er til skipta eigi að koma. Heildarskiptagrundvöllur er því kr. 463.927.20. Stefnandi telur, að þeirri fjárhæð hafi átt að skipta í 8 staði. Viðurkennt er af stefnda, að á þessum tíma hafi verið samkomulag um, að 4 menn væru á bátnum sjálfum, en 10 menn alls við hann, og með vísun til þess og vottorðs Verkalýðsfélags Norðfirðinga á rskj. 38 um 8 staða skiptingu er þessi liður tekinn til greina.

Krafa um orlof samkvæmt rskj. 11 — 811.87

Hér er um að ræða 7% orlof á vanreiknaðan aflahlut, kr. 11.598.15. Með vísan til framanritaðs er þessi liður tekinn til greina.

Krafa um vanreiknað orlof af mánaðarkaupi, kr. 1.510.00, sbr. rskj. 11, fskj., 7%. Tekin til greina, þar sem greinilega hefur fallið niður að reikna orlof á fjárhæðina — 105.70

Krafa um vanreiknað orlof af kauptryggingu í 1 — 559.81

mánuð. Samkvæmt rskj. 7 er kauptrygging skipstjóra á þessum tíma kr. 16.835.00. Sé því greinilegt, að ekki hafi verið reiknað með orlofi. Stefnandi tilgreinir kaupið kr. 16.283.00, reiknar á þá fjárhæð 7% orlof, kr. 1.139.00, kr. 17.422.81 áður tilgreindar kr. 16.836.00. Tekið til greina samkvæmt framangreindu.

Fastakaup með orlofi 13. janúar—20. marz 1968, þ. e. 68 daga — 42.031.80

Stefnandi skiptir hér kaupkröfunni frá 13. janúar—20. apríl 1968 í tvennt, og er þetta fyrri hluti, reiknaður til 20. marz 1968. Með vísun til rskj. nr. 7 reiknar stefnandi lið þennan þannig:

Mánaðarkaupstrygging ..	kr. 16.835.00
Fastakaup ..	— 624.00
7% orlof ..	— 1.222.00

Kr. 18.681.00

Stefnandi reiknar dagkaup (30 daga í mánuði) á kr. 618.10, en það ætti að vera kr. 622.70. Útreikningur stefnanda gerir lægri fjárhæð en í raun ætti að vera. Þessi liður er því tekinn til greina með vísun til hinnar ólöglegu uppsagnar.

Trygging ásamt fastakaupi og orlofi 20. marz 1968 kr. 18.681.00 til 20. apríl 1968, sem er dagur sá, er uppsögn stefnanda hefði tekið gildi, sbr. hans eigin uppsögn frá 17. janúar 1968. Þessi liður er tekinn til greina með vísun til þess, sem greint er um í næsta lið hér að framan.

Vinna við bát og veiðarfæri — 2.000.00

Viðurkennt, sbr. rskj. 27, og tekið til greina.

Fargjald frá uppsagnarstað til heimahafnar, sbr. — 2.075.55

rskj. 22. Viðurkennt og tekið til greina.

Fæði 9. marz—20. marz 1968 — 1.244.32

Stefnandi reiknar með kr. 113.12 á dag, sem er viðurkennd fjárhæð, sbr. rskj. 22. Stefnandi reiknar með fæðispeningum til heimkomudags 20. marz 1968 með hliðsjón af vertíðarsamningi, 14. og 15. gr., á rskj. 17. Tekið til greina.

Kr. 91.283.36

Stefnandi hefur viðurkennt frádráttarliði, sbr. sundurliðun á stefnukröfu hér að framan,

kr. 36.597.06

en dregur þar frá greiðslur úr sinni

hendi til skipverja, sbr. rskj. 19 . . . — 8.284.20

— 28.312.86

Kr. 62.970.50

Stefndi hefur haldið því fram í munnlegum málflutningi, að stefnandi hafi greitt af fjárhæðinni kr. 3.800.00 hinn 8. janúar 1968 til Árna Eðvaldssonar, en hann hafi eigi verið á bátnum. Stefndi hefur ekki rennt stoðum undir þessa staðhæfingu og mótmælir ekki greiðslu til sama manns hinn 18. janúar 1968 að fjárhæð kr. 1.292.10. Með vísun til rskj. 19 er liður þessi því tekinn til greina sem frádráttarliður fyrir stefnanda.

Þá viðurkenndi stefnandi tvo reikninga:

Þinggjald, sbr. rskj. 31, nr. 7,	kr. 6.690.00
svo og reikning vegna Hafnarbúða,	
rskj. 30	— 536.00
	kr. 7.226.00

Kr. 55.744.50

og frá þeirri fjárhæð verður svo dregið, sbr. viður- kenningu stefnanda á rskj. 43	— 1.200.00
---	------------

Kr. 54.544.50

sem verður tekið til greina samkvæmt framansögðu.

Stefndi hefur viðurkennt, að eigi verði reiknað stefnanda til skuldar fjárhæð samkvæmt rskj. 29, greiðsla til Verkstæðis Reykdals, kr. 2.287.00. Stefndi hefur viðurkennt, að kr. 3.750.00, haldið eftir til bæjarsjóðs, sbr. rskj. 22, hafi ekki verið greiddar.

Stefnandi þykir því hafa fært fram fullar sannanir fyrir framangreindri skuld stefnda við hann.

Stefndi hefur krafizt sjóveðréttar í m/b Glað, VE 270, fyrir tildæmdum kröfum.

Sjóveðréttur er tekinn til greina.

Ber samkvæmt framansögðu að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 54.544.50 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá stefnudegi, 27. marz 1968, til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 2. tölulið 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dóm þennan kvað upp Gísli Einarsson fulltrúi ásamt meðdómsmönnum Guðjóni Marteinsyni og Sveinbirni Á. Sveinssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, Strandgötu 62, Neskaupstað, greiði stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni skipstjóra, Naustahvammi 12, Neskaupstað, kr. 54.544.50 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá 27. marz 1968 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.